

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Mars 2009

HLÍÐARVATN Í SELVOGI



Ljósmynd Rafn Hafnfjörð

Hlíðarvatn í Selvogi er eitt gjöfulasta vatn til bleikjuveiða á landinu. Vatnið er 332 hektarar að flatarmáli eða 3,3 ferkílómetrar. Það er fremur grunnt og meðaldýpi þess er um 2,9 metrar. Mesta dýpi er fimm metrar samkvæmt mælingum í apríl 1964 (1). Afrennsli úr vatninu er Vogsóð (2) en ekkert sjáanlegt yfirborðsvatn rennur í vatnið. Af rúmmáli vatnsins og afrennsli má ráða að það endurnýjar sig á tæpum 39 sólarhringum (3). Hins vegar eru vatnsleysur víða í vatninu sjálfu og skapa kjöraðstæður fyrir bleikjuna og hrygningu hennar. Sumar heimildir geta þess að það gæti flóðs og fjöru í vatninu en það er ekki rétt að sögn heimamanna. Að vísu hækkar í ósnum við flóð en sjór gengur ekki upp í vatnið reglulega. Hlíðarvatn er ekki nægilega salt til þess að kallast ísalt en saltstyrkurinn er þó fimmfaldur í samanburði við önnur fersk lindarvötn (4) enda fýkur saltur sjór yfir eiðið í stórs-traumi og sterkri hafátt.

Vatnið er mjög frjósamt. Til marks

um það gengur bleikjan ekki til sjávar þótt hún eigi greiða leið þar sem rennur úr vatninu um Vogsóð. Á seinni árum hefur flundra tekið að sækja í vatnið til ætisöflunar. Einnig hefur lax villst í vatnið svo og regnbogasilungur. Kvað svo rammt að þessu, þegar laxeldi var við Vestmannaeyjar, að Stangveiðifélagið Stakkavík sótti um það til landbúnaðarráðuneytisins, 30. maí 1996, að fá að koma fyrir gildru í ósnum til þess að varna því að lax villtist upp í vatnið(5). Talið var að laxinn spillti hrygningu í vatninu. Gildrunni var komið fyrir. Samsetning aflans í gildruna ári síðar er athyglisverð. Á tímabilinu má til og með september veiddust 127 laxar í gildruna en einungis í ágúst og september. Sjö regnbogasilungar veiddust og í sömu mánuðum. Einungis 12 bleikjur veiddust og dreifðist sá litli afli nokkuð jafnt á alla fimm mánuðina. Ein bleikja veiddist í maí og mest fjórar í júlí sem sýnir að bleikjan er ekki mikið á ferðinni milli vatns og sjávar(6).

Hlíðarvatn er í eigu Strandarkirkju en kirkjan á jarðirnar fjórar sem umlykja vatnið. Þetta eru eyðjarðirnar Hlíð og Stakkavík svo og jarðirnar Vogsóðar I og II þar sem búskapur er stundaður. Vogsóðar II er nýbýli sem stofnað var árið 1954 á helmingi jarðarinnar Vogsóða. Þar búa nú Þórarinn Snorrason og kona hans, Jóhanna. Sonur þeirra, Snorri Óskar, býr á Vogsósum I(7). Af öðrum ábúendum á Vogsósum fyrr á árum má nefna séra Eirík Magnússon (1667-1716) sem talinn var rammgöldróttur og sagt er frá í þjóðsögum Jóns Árnasonar (8). Menn trúðu því að Eiríkur hefði magnað fisk í Hlíðarvatn en aðrir þakka Strandarkirkju aflasældina (9). Náttúruleg skilyrði í vatninu skemma vafalust heldur ekki fyrir. Jörðin Hlíð hefur verið í eyði frá árinu 1906 en síðasti ábúandi á jörðinni Stakkavík flutti þaðan árið 1943. Þá var jörðin leigð út til Kjartans Sveinssonar skjalavarðar (1901-1977) og hafði hann jörðina á leigu og seldi veiðirétt í vatninu uns hann

lést á árinu 1977 (10). Áhugi var á að koma jörðinni aftur í ábúð en þær tilraunir urðu að engu. Úr því varð málarekstur sem endaði fyrir Hæstarétti í árslok 1954(11).

Það var Páll Hallgrímsson, þá sýslumaður Árnesinga og umsjónarmaður með eignum Strandarkirkju, sem beitti sér fyrir því árið 1978 að stofnaður var félagsskapur, Stangveiðifélagið Stakkavík, í þeim tilgangi að hafa umsjón með vatninu og leigu á veiði í Hlíðarvatni. Félaginu var ekki ætlað að skila hagnaði og skyldi öllum arði af starfsemi þess varið í þágu vatnsins og Strandarkirkju. Páll kvaddi til ellefu manns til þess að mynda félagið. Tveir komu frá Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar, tveir frá stangveiðifélaginu Ármönnum, þrír frá Selfossi, tveir voru búandi í héraði, annar í Ölfusi og hinn í Selvogi, sá tíundi var valinn vegna þekkingar á fiskeldi en sá ellefti átti að annast endurskoðun á fjárhag félagsins. Leigusamningur við félagið var gerður hinn 7. febrúar 1978 til tíu ára. Hann var framlengdur nokkrum sinnum, fyrst af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og síðar af biskupsstofu.

Núverandi samningur við Stangveiðifélagið Stakkavík var gerður fyrir hönd Kirkjuráðs 9. apríl 2003 og gildir hann út árið 2013. Samningurinn er um leigu á eyðijörðunum Hlíð og Stakkavík. Samhliða var gerður samningur við Vogsósabændur um leigu á veiðirétti þeirra jarða til sama tíma. Stakkavíkurfélagið hefur samhliða gert samninga við samstarfsfélög sín og eru þeir samningar til sama tíma. Öll stangveiðifélögin greiða sömu leigu á stangardag fyrir veiði í vatninu. Stangveiðifélag Hafnarfjarðar hefur fimm stangir í vatninu, Ármenn þrjár, Árblik í Þorlákshöfn tvær, Stangveiðifélag Selfoss tvær og Stangveiðifélagið Stakkavík einnig tvær. Alls eru því 14 stangir í vatninu. Veiðitíminn er frá 1. maí til loka september en félögin geta nýtt aprílmánuð og fyrstu tíu daga októbermánaðar til veiða án endurgjalds. Þessi tími er hugsaður til hagsbóta fyrir félögin vilji þau fá féлага sína til vinnu við veiðihúsin eða önnur verkefni við vatnið. Sú sérstaka hefð hefur skapast að á hverju vori, í lok apríl, hafa félögin tekið höndum saman og gengið strandlengjuna og hreinslað allt rusl við vatnið.

Af merkustu framkvæmdum Stangveiðifélagsins Stakkavíkur má tví-



Greinarhöfundur með væna bleikju

mælalaust nefna framkvæmdir við sjóvarnargarð á Viðisandi. Félagið stóð í tvígang fyrir endurbótum á garðinum, seinast á árinu 1996. Félagið hélt svo áfram uppgræðslu til þess að binda jarðveg og verja þannig vatnið. Upphaf þessa verks má rekja til ársins 1990 þegar Stangveiðifélagið Stakkavík fékk Jón Jónsson jarðfræðing til þess að gera tillögur um leiðir til varnar því að sjór flæddi inn í vatnið og örlög þess yrðu þau sömu og Herdísarvíkur. Í Herdísarvík var á árum áður mikill apalgrýtisgrandi framan við tjörnina. Hann mun hafa horfið laust eftir árið 1984 og varð tjörninn þá að hafsvík (12). Áður hafði bleikjuveiði verið í Herdísarvík. Gils Guðmundsson segir svo frá í bók sinni Væringinn mikli að Hlín Johnson, kona Einars Benediktssonar, hafi stundað silungsveiði í Tjörninni sem þá var í túninu í Herdísarvík (13). Ótti manna var að Hlíðarvatni biðu sömu örlög enda gekk spá Jóns út á það að vatnið hyrfti á næstu 60 árum ef ekkert væri að gert. Vegna þessara framkvæmda hefur sú spá ekki ræst. Nýr Suðurstrandarvegur, sem mun verða lagður um Viðisand, tryggir vonandi endanlega að sjó verði haldið frá vatninu.

Frá aldamótum hefur veiðin í Hlíðarvatni verið á bilinu 1.480-3.880 fiskar á ári skv. árlegri samantekt

Veiðimálastofnunar (14). Fiskurinn hefur farið stækkandi hin síðari ár.

Stærsti fiskur, sem ég hef veitt í vatninu, var 59 cm hængur, 2,3 kg að þyngd sem tók fluguna Alma Rún nr. 10, hnýtt á B175 Kamasan-öngul. Á meðfylgjandi mynd má sjá þá saman, hænginn og greinarhöfund. Margir hafa veitt jafnstóra fiska og jafnvel enn stærri hin síðari ár. Ríkharður Hjálmarsson veiddi t.d. 3,4 kg bleikju í maí 2008 sem þá var talinn stærsti fiskur úr vatninu sem veiddur er á flugu(15). Á árinu 1965 fékk Sveinn Björnsson álíka stóra bleikju úr vatninu. Var hún sjö pund og veidd á spón (16). Í maí árið 2004 veiddi Róbert Rósmann sex punda bleikju (17) og Sigursteinn Húbertsson fékk bleikju sömu stærðar á árinu 1997.

Ásgeir Guðbjartsson fékk að renna í vatnið við annan mann hinn 12. september 2008 ef enginn væri þar við veiðar. Engir veiðimenn voru sjáanlegir svo að hann reyndi fyrir sér á Mölinni. Fékk hann þar væna bleikju sem reyndist 4,4 kíló slægð og heimkomin. Meðfylgjandi mynd er af bleikjunni sem tók litla Watson's Fancy tvíkrækju sem hnýtt var af Friðbergi Guðmundssyni (1919-1987). Ásgeir hefur áður veitt 8 punda hrygnu í vatninu, aðra 7 punda og þá fjórðu 6 punda. Einnig hefur hann veitt lax í Hlíðar-



Bleikja Ásgeirs, yfir 10 pund óslægð.

vatni svo og regnbogasilung. Bleikja Ásgeirs er, mér vitanlega, sú stærsta sem veiðst hefur í vatninu. Sögunni fylgdi að hún væri 36 cm en líklega var tommustokknum haldið öfugt. Hún hefur sennilega verið nálægt 90 cm og yfir 10 pund óslægð.

Telja má líklegt að sókn ráði miklu um afla hvers sumars úr vatninu. Veiðileyfi hafa verið ódýr, þótt þau séu eftirsótt, sérstaklega fyrri hluta sumars. Annríki í atvinnulífi og vont veður hafa e.t.v. stundum orðið þess valdandi að menn hafa ekki nýtt leyfi sín. Ég hef iðulega verið einn við vatnið á liðnum uppgangsarum þó að ekkert væri að veðri. Sérstaklega er áberandi að veiði í september hefur fallið mjög niður vegna lítillar sóknar. Þó er þessi tími oft ágætur til veiði en þá gengur bleikjan í torfum með ströndinni. Þótt hrygningarfiskurinn taki ekki alltaf vel er geldfiskur í ætisleit innan um sem oft tekur vel.

Á vorin er oft besta veiðin í vatninu að vestanverðu. Á þeim stað er sandbotn og grunnt þannig að vatnið hitnar þar fyrst. Þegar svartur sandurinn hitnar fer mýið af stað og bleikjan sækir í púpurar sem leita til yfirborðsins. Veiðistaðir eins og Stakkavík (ranglega kölluð Botnavík í Stangveiðihandbókinni (18), Mosatangi, Flathólmi, Guðrúnarvík og Gunnutangi gefast þá vel. Þessir veiðistaðir geta einnig gefið vel í vestanátt en yfirleitt

virðist gefast betur að veiða undan vindi við vatnið þar sem aldan er minni vegna skjóls frá landi. Hlíðarey, Réttin og svæðið þar í nánd er annar hluti vatnsins þar sem aðstæður eru svipaðar. Á þeim stöðum ætti að reyna snemma vors og yfir sumarið undan vindi. Þar er aðgrunnt og sandbotn víða.

Annars er það svo að viðvera veiðimanna í húsum félaganna virðist ráða töluverðu um það hvar menn bera niður við veiðar. Þannig er veiði Hafnfirðinga áberandi út frá Hjalltanga og Hlíðarey þótt þeir af einhverjum ástæðum gleymi stundum Mölinni (Bununni) sem er oft afar góður veiðistaður, steinsnar frá húsi þeirra. Stakkavíkurmenn sækja sennilega meira í Gömlu-Vör og á Stöðulnefið en aðrir. Ármenn veiða meira í Botnavík, Réttarnesi, Skollapollum, Austurnesi og Kaldós enda stendur hús þeirra fyrir botni Botnavíkur. Hús Árbliks er þar einnig þannig að eðlilegt er að margir sækji í Botnavíkina. Hún er oft gjöfull veiðistaður og fisk getur verið að finna frá bakkanum alla vikina, síst þó þegar mikill alda gengur beint inn í hana. Menn mega þó ekki gleyma öðrum stöðum. Ég vil þar t.d. nefna Innranef og Urðarvík í vestanátt. Erfiðara er að komast niður að Urðarnefinu en þar má einnig oft fá góða veiði. Mikilvægast er að leita fyrir sér. Bleikjan færir sig til eftir fæðuframboði, veðri og vindum. Besta ráðið er þess vegna: Leitid og þér munuð finna. Á meðfylgjandi loftmynd eru sýndir helstu veiðistaðir. Merkingarnar voru færðar inn af Vigni B. Árnasyni. Hann hefur lengi veitt í vatninu og þekkir vel til aðstæðna.

Framboð á fæðu gefur veiðimönnum ákveðnar vísbendingar um agn sem rétt er að beita vilji þeir líkja eftir lífríkinu. Veiði á maðk og annað lifandi agn er að vísu ekki leyft í vatninu heldur einungis veiði á spón og flugu. Mepps-spónn, silfraður, hefur reynst mörgum ágætlega en flestir beita flugunni. Flugan má þó líkjast hornsíli en þau eru stór hluti fæðu stærri fiskanna(19). Á vorin

eru vatnabobbar (*Lymnaea peregra*) ríkjandi í fæðunni og virðist vera sú magafylli sem bleikjan tekur með sér úr djúpinu upp á grynningarnar þegar mýflugan fer að klekjast út. Púpur rykmýsins (*Chironomidae*) eru ríkjandi í fæðunni allan veiðitímans eins og rannsóknir sýna(20). Stundum má sjá þykkt lag af púpuhýði í flæðarmálinu. Þá má einnig, í logni, stundum sjá fjölda rykmýs-strokka með ströndinni. Mýið er af öllum stærðum, frá minnsta rykmýi til stóru-toppfluglu.

Lirfa rykmýsins er áhugaverð, sérstaklega sú rauða, blóðormurinn, sem er algengasta tegundin í Hlíðarvatni. Rauða litarefnið í blóðinu, hemoglóbín, gefur lirfunni rauða litinn og gerir henni kleift að lifa þótt súrefni sé takmarkað (21). Lirfan getur orðið allt að 20 mm löng (22). Hún lifir í leðjubotni þar sem súrefni er af skornum skammti. Blóðormseftirlíkingar reynast þess vegna vel svo og flugur með rauðu í svo sem Watson's Fancy-púpan, Copper John, Hlíðarvatnspúpan og flugan Krókurinn eftir Gylfa Kristjánsson (1948-2007). Sterk eftirlíking af mýflugupúpu er Toppflugupúpa Engilberts Jensen. Hún og aðrar svipaðar útgáfur geta einnig gefið vel og oft þeim mun betur eftir því sem þær eru smærri. Takan verður þá stundum naum en fiskurinn getur verið vænn.


Góð leið til þess að kanna lífríkið er að velta við steinum í fjörinni. Undir steinum má iðulega sjá þrens konar lífverur: (1) Vatnabobba, (2) ferskvatnsrækju (*Gammarus pulex*) en hún líkist marflónni (*Gammarus duebeni*) og (3) lítill sandhylki, híbýli lirfu vorflugunnar (*Trichoptera*). Ýmsar eftirlíkingar eru til af þessum híbýlum, þar sem lirfan gægist út, en þekktasta útgáfan hér á landi er flugan Peacock sem eignuð er Kolbeini Grímssyni (1921-2006), frænda mínum (23). Menn virðast hnýta þessa flugu með ýmsum hætti þótt helsta hnýtingarefnið sé það sama, fanir úr stélfjöðrum páfuglsins (*Peacock*). Sjálfur hnýti ég þessa flugu á straumfluguöngul,

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið



t.d. Kamasan B800 nr.10. Flugur sumra eru eins og smávindill en náttúrulega útgáfan er sívalningur litlu meira en millimetri í þvermál. Peacock hefur verið ein aflahæsta flugan í Hlíðarvatni til margra ára en í ár, 2008, hafði Krókurinn hans Gylfa vinninginn hjá Ármönnum og Peacock var í öðru sæti. Í aflatölum Stangveiðifélags Hafnarfjarðar hafði Peacock hins vegar vinninginn afgerandi árið 2008. Ný fluga, Alma Rún, hefur rutt sér til rúms hin síðari ár. Hún minnir silunginn e.t.v. einnig á hús vorflugunnar þótt fiskar séu ekki taldir minnugir.

Þótt lirfa vorflugunnar fari á vergang í öldurótinu og verði bleikjunnú að bráð þegar hversir er púpa vorflugunnar mun reglulegar á matseðlinum. Tvær tegundir vorflugupúpa hafa einkum greinst í fæðu bleikjunnar (*Apatania zonella* og *Limnephilus affinis*)(24). Samt virðast menn ekki reyna mikið eftirlíkingar af vorflugupúpunni eins og hún lítur út þegar hún leitar yfirborðsins. Reyndar eru ekki til neinara sérstaklega þekktar eftirlíkingar en benda má á góða grein í sumarhefti Flyfishing & Tying Journal 2006. Þar fjallar Jim Schollmeyer um veiðar

með vorflugeftirlíkingum og birtir góðar myndir af frummyndum og eftirlíkingum(25).

Þriðji félaginn undir steininum var ferskvatnsrækjan. Hún hniprar sig saman þegar ljósið fellur á hana og e.t.v. þess vegna vilja menn gjarnan hnýta hana á Grubber-öngul sem sýnir slíkar útlínur og lögun. Þó má ekki gleymast að ferskvatnsrækjan tekur á sig dökkan lit hraungrýtisins þar sem hún liggur undir steini og þannig lítur hún út syndandi í yfirborðinu. Heimildir um rannsóknir á lífríki Hlíðarvatns telja ferskvatnsrækjuna (*Gammarus pulex*) yfirleitt vera marfló (*Gammarus duebeni*) þótt sú tegund lifi í sjó og finnist ekki í fersku vatni. Ég veit ekki hvað er rétt í fræðum þessum en eitt er víst að bleikjan þekkir ekki muninn. Það er stærð agnsins, litur og lögun sem skiptir mestu máli. Vísindaleg nákvæmni er ekki alltaf nauðsynleg þegar líkt er eftir lífríkinu.

Árni Árnason.
Garðabæ, desember 2008.

Neðanmálskýringar:


1. Sjá kort: Hlíðarvatn, Selvogi (1964).
2. Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón (1981).
3. David Burgos o.fl. (1997).
4. Anna Heiða Ólafsdóttir o.fl. (1997).
5. Sbr. skjöl í skjalasafni Stangveiðifélagsins Stakkavíkur.
6. Sbr. skjöl í skjalasafni Stangveiðifélagsins Stakkavíkur.
7. Sbr. skjöl í skjalasafni Stangveiðifélagsins Stakkavíkur.
8. Jón Árnason (1862).
9. Stefán Jónsson (1969).
10. Sbr. skjöl í skjalasafni Stangveiðifélagsins Stakkavíkur.
11. Sjá: Hæstaréttardómur, nr. 10/1954.
12. Sbr. skjöl í skjalasafni Stangveiðifélagsins Stakkavíkur.
13. Gils Guðmundsson (1990).
14. Sjá heimasíðu Veidimálastofnunar
15. Flugufréttir (2008).
16. SVH 50 ára: Afmælisrit Stangveiðifélags Hafnarfjarðar (2001).
17. Fréttablaðið (2004).
18. Eiríkur St. Eiríksson (2002).
19. Árni Kristmundsson o.fl. 1998.
20. Árni Kristmundsson o.fl. 1998.
21. Árni Kristmundsson o.fl. 1998.
22. Helgi Hallgrímsson (1979).
23. Lárus Karl Ingason og Loftur Atli Eiríksson (2001).
24. Gísli Már Gíslason (Ódags., 1981 u.þ.b.).
25. Schollmeyer, Jim (2006).

Hér er skipting á afla milli veiðifélaga, eftir þekktum veiðistöðum. Þetta er líka meira til gamans, ekki vísindaniðurstaða.


Heildarafli 2008

Árblik Þorl.	502
Ármenn	482
SVH	716
SVS	308
Stakkavík	161
Samtals	2169


Réttarnes/Réttin



Botnavík



Skollapollar



Samantekt um veiði Ármanna 2008


Helstu veiðistaðir Ármanna 2008.

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept
Austurnes	19	0	2	16	0
Austurneshólmar	43	1	6	0	0
Botnavík	0	3	1	63	0
Djúpanef	17	1	0	2	0
Gamlavör	4	5	0	3	0
Hjalltangi	8	2	0	0	0
Hlíðarey	24	2	0	1	0
Kaldós	4	36	6	2	0
Mosatangi	3	1	0	0	0
Mölin	0	17	0	7	0
Réttarnes	8	50	2	6	0
Skollabollar	14	31	6	1	0
Stakkavík	14	0	0	0	0
Samt.	172	171	28	111	0


Heildarveiði 482 fiskar

Stærsti fiskur sem veiddist 2008 var 58 cm og veiddist í Botnavík 17. Júní. Á land komu 11 fiskar sem voru frá 50 – 58 cm, 13 fiskar 45 -50, 54 fiskar 40 – 45 cm og 161 fiskar 35 – 40 cm

Kaldós








Hlíðarey



Gleðikvöld Ármanna 27. mars
Vorblót Ármanna 18. apríl

Fluguhnýtingarefni



**Laugardaginn 18. apríl kl. 14 Vorblót
Ármanna fjölskylduskemmtun**

Stemmingar við Hlíðarvatn

(úr "Hið mikla samband – saga veiðmanns" sem birtist í tímaritinu "Á veiðum" 1989) eftir Evald Sæmundsen



Púpustiginu fylgdi áhugi á stöðuvötnum og íbúum þeirra frá þeim minnstu til þeirra stærstu. Og enn þurfti hann að byrja frá grunni. Takmarkið var svo sem nógu skýrt, en það var að vita hvað silungurinn vildi upp í sig, án tillits til þess hvað olli vali hans. Fljótlega vaknaði svo áhugi hans á því að reyna að líkja eftir íslenskum skordýrum, sem silungar voru sólgirnir í. Slíkar eftirlíkingar þurftu að rúmast á önglum af ýmsum stærðum sem síðan voru hnýttir á örmjótt girni fremst á flugulínunni. Þessu þurfti svo að henda út misjafnlega langt eftir aðstæðum.

Þetta var frekar grýtt leið og gerði miklar kröfur um þekkingu á æti silunga. Þar sem íslenskir forverar hans á púpustiginu höfðu lítið skilið eftir sig í rituðu máli, þurfti hann að leita til þeirrar þjóðar, sem hafði kennt Íslendingum að veiða á flugu. Lærðastur Breta á þessu sviði var John Goddard. Voru rit Goddards svo úttroðin af vísdomi um fluguveiðar, æti silunga og hegðun þeirra, að minni spámenn urðu oft veikir og fengu flugur í höfuðið, þegar þeir höfðu hnusað af verkum hans.

Næst þegar tungl var í fyllingu tókst honum engu að síður að gera eftirlíkingu af vorflugupúpu eftir fyrirmynd frá Goddard. Hann blandaði saman gráu og gulu selshári á búkinn, sem gaf honum gula slíku. Þá notaði hann páfuglsfjöður fyrir vænghús og strengdi nokkra stafi af kanellitaðri kalkúnsfjöður yfir. Fremst var svo einn vafningur af fjöður úr ljósbrúnum hanahnakka. Lá svo fluga þessi í einu af boxum hans um nokkra hríð.

Svo var það einhvern tímann, að hann stóð við stítt eftirlætis stöðuvatn með öll sín tæki og tól. Reyndar

er stöðuvatn rangnefni vegna þess að í því var mikil hreyfing. Hann var fremst á litlum hrauntanga, sem vindurinn blés þvert á, þannig að hlémegin var lygnt, en vatnið gárðaði þar fyrir utan. Myndaðist lítil röst þar sem lygnan og gárurnar mættumst. Í röstinni voru bleikjur að gæða sér á einhverju með tilheyrandi skvettum. Þarna fóru vænir fiskar, eitthvað annað en þessi kóð sem hann og félagar hans höfðu verið að reita upp lungann úr deginum. Hann kastaði nokkru sinnum á þessa fiska án þess að fá samband. Þegar svo ein bleikjan skvetti sér við tærnar á honum leit hann loks niður og horfði á vatnið. Þarna var að klekjast út frekar lítil vorfluga með fallega reistum ljósbrúnum vængjum og gulum búk.

Skyndilega varð honum ljóst hvað hann átti að gera. Hann bakkaði lítilliga í hvarf, bar flotefni á tauminn, utan fremstu tvö fetin, sem hann þyngdi með sökkefni. Síðan leitaði hann í boxunum þar til hann fann vorflugupúpuna með gula búkunum. Þá stillti hann sér upp að nýju og kastaði stuttu kasti rétt úr fyrir röstina og lét fluguna berast sjálfkrafa undan vindinum. Hann hefði ekki haft tíma til að signa sig eftir að flugan kom í röstina, af slíku offorsi tók stærðar bleikja agnið. Hann tók enga áhættu og þreytti hana á hjólinu og kom henni fljótlega í háfinn. Eftir að hafa rotað hana og þakkað henni fyrir að bíta á, spretti hann á kviðinn og skoðaði inn í hana. Það fór ekki milli mála. Hún var í litlu vorflugunni.

Hann reis upp að nýju og gerði klárt. Eitthvað hafði breyst. Aðeins hafði bætt í vind, sólfar var minna og það hafði kólnað lítilliga. Færri bleikjur sýndu sig. Hann kastaði þó

flugunni í átt að einni upptökunni og önnur væn bleikja var á. Hann landaði henni og hún staðfesti að hún hefði líka gætt sér á sömu vorflugunni. Þá var þetta búíð. Hvað það var nákvæmlega sem breyttist vissi hann ekki, en það hafði enn bætt í vind og kólnað, þar að auki var flugan illa útleikinn þótt ekki væri nema eftir tvo fiska. Það skipti ekki máli. Hann hafði náð því að komast í hið mikla samband og náttúran hafði gefið honum teikn.

Skömmu síðar hitti hann féлага sína og á leiðinni í veiðikofann sagði hann þeim sögu sína og dró ekkert undan. Ekki merkti hann nein sérstök viðbrögð hjá þeim, nema hvað þeir voru eitthvað að tuða um Invicta-fluguna og Amber-nymfuna, en það skipti hann engu þar sem hann sveif yfir hraunið. Það var spurning hvort hann ætti ekki að hringja í Goddard þegar hann kæmi heim og bjóða honum í te við fyrstu hentugleika.

Það kom í hlut annars féлага hans að skrá aflann í veiðibókina og kíkti hann yfir öxlina á honum til þess að sjá með hvaða hætti skráning á þessari óvenjulegu reynslu yrði leyst. Hann trúði ekki sínum eigin augum. Þarna skrifaði fólið töluna 37 í dálkinn fyrir fjölda fiska og skrifaði svo ½ til 1 pund í dálkinn fyrir þyngd. Vissi hann ekki að stóra bleikjan hafði örugglega verið tvö pund? Hann horfði með stingandi augnráði á hnakka féлага síns, borðaði sig út í framheila, þar sem æðri skipulagning fer fram, og gaf honum skipun um að leiðrétta þessi mistök. Félagi hans dæsti, seildist eftir pípu sinni og sagði um leið og hann horfði dreyminn út um gluggann: "Jæja, þetta er búíð að vera gott."

Gleðikvöld Ármanna

Gleðikvöld verður haldið í Árósum föstudagskvöldið 27. mars og hefst kl. 20.00. Sumarið nálgast og hugur veiðimanna ókyrrist! Sögur af veiðum verða rifjaðar upp á gleðikvöldinu. Menn eru hvattir til að taka með sér lifandi myndir (DVD og VHS) til að sýna á þili. Munum að maður er manns gaman. Veitingar á vægu verði að hætti húsnefndarinnar.

Skorað er á félagsmenn að fjölmenna og hafa með sér gesti.



Flugustangir

Línur

Hjól



Skútuvogi 4
104 Reykjavík
Sími 581 2121
www.rbv.is

Fyrirliggjandi dagskrá í Árósum 2009

Mánudagskvöld kl. 20.00-22.00: Hnýtingakvöld og fleira gott.
Miðvikudagskvöld kl. 20.00-22.00: Opið hús eða nánar auglýst dagskrá.

Föstudagskvöldið 27. mars **Gleðikvöld**

Laugardaginn 18. apríl kl. 14 **Vorblót**

Helgin 25.- 26. apríl **Hlíðarvatnshreinsun**

Félagsmenn eru hvattir til að fara inná heimasíðu Ármanna og skrá netföng sín til að fá sendar fréttir tengdar félaginu.

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is